

Fundargerð

249. fundur stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins haldinn á skrifstofu slökkviliðsstjóra, Skógarhlíð 14, föstudaginn 5. maí 2023, kl. 09:00.

Fundinn sátu:

Dagur B. Eggertsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Almar Guðmundsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Þór Sigurgeirsson, Regína Ásvaldsdóttir, Birgir Finnsson og Ingveldur Lára Þórðardóttir.

Fundargerð ritaði: Ingveldur Lára Þórðardóttir, skrifstofustjóri.

1. Þriggja mánaða uppgjör SHS 2023 - 2305002

Árshlutareikningur SHS samstæðu fyrir tímabilið janúar - mars 2023 kynntur.

Niðurstaða

Reikningurinn samþykktur án athugasemda.

Fylgiskjöl

SHS 249 1.1 Árshlutareikningur janúar-mars 2023.pdf

2. Mat á gögnum til stjórnar og framsetningu þeirra - 2305003

Árlega skal stjórn leggja mat á framsetningu slökkviliðsstjóra á gögnum og upplýsingum til stjórnar, skv. gr. 5.4 í starfsreglum.

Niðurstaða

Það er mat stjórnar SHS að framsetning slökkviliðsstjóra á gögnum og upplýsingum til stjórnar á árinu 2022 hafi verið fullnægjandi til að stjórn hafi verið gert kleift að rækja skyldur sínar gagnvart SHS. Á næsta ári verði metið hvort farið verði í ítarlega úttekt og skýrslugerð vegna framlagðra gagna.

Fylgiskjöl

SHS 249 2.1 Minnisblað vegna framsetningar gagna til stjórnar.pdf

3. Búseta í atvinnu- eða íbúðarhúsnæði sem uppfyllir ekki öryggiskröfur - 2305004

Farið yfir stöðu mála varðandi eftirfylgni úttektar á óleyfisbúsetu í atvinnuhúsnæði og úrræði slökkviliðs vegna brunavarna í íbúðarhúsnæði. Vinna starfshópa úr tillögum samráðsvettvangs um brunavarnir í húsnæði heldur áfram, SHS skilaði umsögn um drög að útfærslu tillagna fyrir viku síðan.

Niðurstaða

Kynning.

Gestir

Aldís Rún Lárusdóttir -

Fylgiskjöl

SHS 249 3.1 Tillögur starfshóps í samráðsgátt.pdf

SHS 249 3.2 Umsögn um drög að útfærslu á tillögum starfshóps.pdf

4. Stytting vinnuviku og vaktaskipulag SHS - 2303011

Kynning á helstu niðurstöðum könnunar meðal starfsfólks SHS á viðhorfum þess til styttingar vinnuvikunnar og nýs vaktaskipulags.

Niðurstaða

Frestað.

5. Brunavarnaáætlun - 2303013

Farið yfir stöðu mála varðandi endurnýjun brunavarnaáætlunar SHS. Formaður og starfandi slökkviliðsstjóri hafa fundað með fulltrúum HMS um framlengingu áætlunarinnar um 18 mánuði.

Niðurstaða

Kynning.

Fylgiskjöl

Endurskoðun brunavarnaáætlunar SHS 2018-2023, árið 2021.pdf

6. Starfsstöðvar SHS til framtíðar - 2301008

Farið yfir vinnu starfshóps um húsnæðismál SHS frá síðasta fundi.

Niðurstaða

Kynning.

7. Önnur mál - 2301017

7.1 Mygla í húsnæði SHS í Skógarhlíð

Þessa dagana rannsakar verkfræðistofan Efla mögulegar rakaskemmdir í Björgunarmiðstöðinni Skógarhlíð.

Niðurstaða

Kynning.

Fundi slitið kl. 10:05.

Dagur B. Eggertsson Rósa Guðbjartsdóttir
Almar Guðmundsson Ásdís Kristjánsdóttir
Þór Sigurgeirsson Regína Ásvaldsdóttir